

12. nóvember 2007

Breyting á söfnunartíma verðupplýsinga fyrir vísitölu neysluverðs og tilhögun verðtryggingar frá janúar 2008

Hinn 1. janúar 2008 taka gildi lög nr. 27/2007 um breytingu á lögum um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995. Í þeim er kveðið á um að verðupplýsingum fyrir útreikning vísitölunnar skuli safnað í að minnsta kosti vikutíma um miðjan hvern mánuð.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir tveimur verðmælingum í janúar 2008; annars vegar miðað við verðlag tvo fyrstu daga mánaðarins samkvæmt núgildandi lögum en hins vegar miðað við verðlag í um það bil vikutíma um miðjan janúar samkvæmt nýju lögunum.

Vísitalan samkvæmt gamla laginu verður birt í síðasta sinn 14. janúar. Meðalvísitala ársins 2007 verður reiknuð á hefðbundinn hátt eftir þá mælingu, bæði fyrir vísitöluna í heild og vísitöluna án húsnæðis. Allt talnaefni vegna þess útreiknings verður birt um leið og varðveitt á vef Hagstofunnar þar til endanleg janúarvísitala, samkvæmt nýja laginu, verður birt.

Þegar verðupplýsingum fyrir útreikning neysluverðsvísitölunnar verður safnað um miðjan hvern mánuð samkvæmt nýju lögunum lýkur vinnu við skráningu, prófun og útreikning ekki fyrr en í lok þess mánaðar. Vísitalan samkvæmt nýja laginu verður gefin út í fyrsta sinn 29. janúar og verður hin eiginlega janúarvísitala. Þá verður einnig birt hefðbundið talnaefni janúarmánaðar sem varðveitt verður á vefnum framvegis.

Auk þessa áformar Hagstofan að breyta viðmiðunartíma talnaefnis fyrir undirvísitölur í febrúar 2008 og miða við janúar 2008 sem grunn (janúar 2008 = 100). Ástæðan er sú aðferðabreyting sem tilfærsla verðsöfnunar í miðjan mánuð hefur í för með sér. Þessi breyting mun ein og sér ekki leiða til neinna breytinga á vísitöluniðurstöðum. Viðmiðunartími fyrir vísitöluna í heild og án húsnæðis mun haldast óbreyttur, maí 1988=100.

Í janúar 2008 taka ennfremur gildi lög nr. 51/2007 um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 sem kveða á um breytingu á gildistöku vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Samkvæmt hinu nýja ákvæði skal vísitala neysluverðs í tilteknum mánuði gilda til verðtryggingar í þar næsta mánuði. Vegna breytinga á tíma verðsöfnunar í janúar 2008 eru í lögunum bráðabirgða-ákvæði sem kveða á um að vísitala neysluverðs, sem reiknuð verður miðað við verðlag í byrjun janúar 2008, gildi til verðtryggingar í febrúar og að vísitalan, sem miðast við verðlag í miðjum janúar, gildi til verðtryggingar í mars 2008.